

Aðalfundur Drangeyjar - smábátafélags Skagafjarðar

haldinn 29. september 2019

Tillögur til 35. aðalfundar LS 17. og 18. október 2019

1. Aðalfundur Drangeyjar skorar á stjórnvöld að virða ítrekaðar óskir sveitarstjórnar Skagafjarðar, Landssambands smábátæigenda og Drangeyjar um að taka upp fyrri takmarkanir á veiðum með dragnót á Skagafirði þannig að þær verði óheimilar innan línu sem dregin er milli Ásnefs í vestri í norðurhorn Þórðarhöfða í austri.
2. Aðalfundur Drangeyjar mótmælir fyrirhugðum áformum stjórnvalda um rýmkun á reglum um veiðar með dragnót í landhelgi Íslands.
3. Aðalfundur Drangeyjar mótmælir harðlega þeirri atögu sem krókaaflamarkskerfið hefur orðið fyrir á síðustu vikum. Tekur fundurinn undir kröfu stjórnar LS um að sjávarútvegsráðherra gefi Fiskistofu nú þegar fyrirmæli um að ógilda allar tilfærslur veiðiheimilda úr krókaaflamarki yfir í aflamark þar sem makrill er notaður sem skiptimynt.
4. Aðalfundur Drangeyjar ítrekar fyrri samþykktir sínar um tafarlausar úrbætur á hafnarmannvirkjum á Hofsósi. Vegna fjölgunar báta er nauðsynlegt að bæta við leguplássum í höfninni, fjölga rafmagnstenglum, útbúa aðstöðu fyrir móttöku á úrgangsolíu og síum svo og rafgeymum og að klæða bryggjuna betur. Þá er mikilvægt að höfnin uppfylli reglugerð um slysavarnir og öryggisbúnað í höfnum t.d. hvað varðar stiga við löndunarkrana og frágang á bryggjukanti.
5. Aðalfundur Drangeyjar skorar á hafnaryfirvöld að bæta aðstöðu við smábátahöfnina á Sauðárkróki, s.s. með aðgengi að vatni, meðferð sorps og úrgangsolíu sem og bættu lýsingu. Sama gildir um löndunaraðstöðu smábáta.
6. Aðalfundur Drangeyjar fagnar tilkomu fiskmarkaðar á Sauðárkróki og þeirri bættu þjónustu við smábátaútgærd á staðnum sem því hefur fylgt.
7. Aðalfundur Drangeyjar telur að skipulag strandveiða hafi í meginatriðum reynst vel. Í ljósi markaðsaðstæðna og gæfta er þó lagt til að einnig verði heimilt að veiða á

sunnudögum. Þá er lagt til að veiðitímabil strandveiða verði valkvætt hverri útgerð í fjóra mánuði samfelt á tímabilinu apríl til september, þó þannig að ávallt verði heimilt að veiða 12 daga í mánuði. Þannig komi aldrei til stöðvunar strandveiða fyrr en í lok veiðitímabils.

8. Aðalfundur Drangeyjar hvetur LS til að fara ofan í saumana á verðmyndun á grásleppu með það að markmiði að hún verði gagnsærri en nú er og að gerðir verði samningar milli kaupanda og seljanda grásleppuafurða.